

# SSNV

Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2356  
komudagur 7.5.2001

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvammstanga 7. maí 2001

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Borist hefur erindi frá samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsög um framangreint mál. Sjálfsagt er að verða við þeirri ósk þó lítill tími sé til að kynna sér frumvarpið, einkum vegna þess að miklu máli skiptir fyrir landsbyggðina að tryggður verði jöfnuður milli dreifbýlis og þéttbýlis hvað varðar símapjónustu.

Umsögn:

Komi til þess að ríkissjóður selji hlutafé sitt í Landssíma Íslands að einhverju eða öllu leyti er nauðsynlegt að tryggt sé að kostnaður við gagnaflutning um símakerfið verði bundinn flutningsgetu en ekki vegalengd. Einnig er nauðsynlegt að jöfnuður sé tryggður hvað varðar aðgengi að grunnetinu og hinum ýmsu tengimöguleikum, ISDN, ATM, ADSL og svo framvegis. Stjórn SSNV hefur ekki beinar tillögur um með hvaða hætti þetta verði tryggt, en telur að ef örugglega sé frá þessu gengið sé ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af eignarhaldinu.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að það kostaði margra ára baráttu að fá fram þá sjálfsögðu breytingu að landið væri eitt gjaldsvæði varðandi gjaldskrá vegna símtala. Líta má á það sem mistök að gjaldskrá fyrir gagnaflutning var ekki breytt um leið. Í dag er kostnaður við 2MB gagnaflutningsleið milli Hvammstanga og Reykjavíkur um sexhundruð og fimmtíu þúsund krónum hærri en innan höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir hönd stjórnar SSNV

---

Bjarni Þór Einarsson,  
framkvæmdastjóri SSNV.